

Lagt fyrir fund Skólalþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings 26. maí 2021
Ábyrgð: forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu

Málsnr.: xxxxxxxx

Greinargerð með tillögu að

Reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði

Samantekt:

Undirbúningur að gerð reglna Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði hefur staðið yfir á vormánuðum. Aðdraganda má rekja til skýrslu í framhaldi af úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar á þjónustu við fatlað fólk hjá Hveragerðisbæ þar sem settar voru fram ábendingar um umbætur í þjónustu við fatlað fólk. Ákveðið var að láta umbætur í þjónustu ná til almennrar velferðarþjónustu Árnesþings og var m.a. ákveðið að ráðast í gerð reglna um félagslegt leiguhúsnæði sem ná til útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um málefni aldraðra og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Byggt er á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði sem tóku gildi í maí 2019. Ekki er áætlaður sérstakur kostnaðarauki vegna reglnanna.

Greinargerð:

Í drögum að reglum um félagslegt leiguhúsnæði er að finna ítarlegar leiðbeiningar um framkvæmd þjónustu, s.s. að umsókn skuli undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað, að umsóknir skuli metnar samkvæmt matsviðum, einnig að þegar umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk hefur verið samþykkt en ljóst er að ekki muni verða unnt að úthluta húsnæði strax skuli vinna áætlun um útvegum viðeigandi húsnæðis auk þess sem umsækjandi skuli upplýstur um þau úrræði sem honum standa til boða á biðtíma. Þá er tilgreint að við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skuli leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans, lögráðamann eða persónulegan talsmann eftir því sem við á. Þá er

bent á að sérstaklega skuli gæta að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgangi og endurnýjun umsókna um húsnæði fyrir fatlað fólk. Fylgiskjöl með reglunum innihalda m.a. matsvið varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk og leiguíbúðir aldraðra auk matsviðmiða varðandi milliflutninga vegna þess húsnæðis sem um ræðir.

Lagagrundvöllur:

Í meðfylgjandi drögum að reglum um félagslegt leiguhúsnæði er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita samkvæmt XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 9. gr laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sbr. og reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.

Efni reglnanna

Í drögnum að reglum eru settar fram skilgreiningar á því húsnæði sem um ræðir, þ.e. almennu félagslegu leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk og leiguíbúðum aldraðra. Í fylgiskjali 7 með reglunum er að finna yfirlit yfir félagslegt húsnæði sem hlutaðeigandi sveitarfélög eiga.

Almennt félagslegt leiguhúsnæði er ætlað þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna, þungrar framfærslubyrðar og lágra launa. Með almennu félagslegu leiguhúsnæði er átt við hverja þá íbúð í eigu hlutaðeigandi sveitarfélags sem ekki er sérstaklega skilgreind sem leiguíbúð aldraðra eða húsnæði fyrir fatlað fólk. Hægt er að úthluta almennu félagslegu leiguhúsnæði sem áfangahúsnæði þegar aðstæður leigutaka eru með þeim hætti að gera verður kröfu um að hann þiggi stuðning og þjónustu á meðan leigusamningur er í gildi og er úthlutun húsnæðisins tímabundin með tilliti til þess.

Húsnæði fyrir fatlað fólk er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist í sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk og húsnæði með stuðningi. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

- a. *Sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk* er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og

þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.

- b. *Húsnæði með stuðningi* er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa nokkurn stuðning við að geta búið á eigin heimili

Með leiguíbúð aldraðra er átt við félagslegt leiguhúsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum. Leiguíbúðir aldraðra eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili, sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Leiguíbúð aldraðra getur einnig verið úthlutað sem *áfangahúsnæði* og er úthlutun þá tímabundin og með skilyrði um samning um eftirfylgd. Leiguíbúð aldraðra er úthlutað sem áfangahúsnæði þegar aðstæður leigutaka eru með þeim hætti að gera verður kröfu um að hann þiggi stuðning og þjónustu á meðan leigusamningur er í gildi og er úthlutun húsnæðisins tímabundin með tilliti til þess.

Í drögnum að reglum kemur fram að hægt sé að sækja um félagslegt leiguhúsnæði á heimasíðu lögheimilissveitarfélags. Starfsmenn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings taka við og meta allar umsóknir. Úthlutun á almennu félagslegu húsnæði og leiguíbúðum aldraðra fer fram í sérstöku fagteymi starfsmanna Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings, sbr. meðfylgjandi erindisbréf. Úthlutun á húsnæði fyrir fatlað fólk fer fram í fagteymi Berggrisa eins og áður.

Fjallað er um skilyrði fyrir umsóknum sem m.a. fela í sér að viðkomandi skuli vera orðin 18 ára þegar um er að ræða almennt félagslegt leiguhúsnæði og húsnæði fyrir fatlað fólk, 67 ára þegar um er að ræða leiguíbúð aldraðra. Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi er skilyrði að gildistími þess sé að lágmarki 12 mánuðir. Umsækjandi skal eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi þegar sótt er um og síðustu 12 mánuði áður en umsókn berst nema um sé að ræða umsókn um húsnæði fyrir fatlað fólk. Til viðbótar eru síðan sérstök og mismunandi skilyrði eftir því hvaða húsnæði er verið að sækja um.

Allar umsóknir skal meta samkvæmt viðeigandi matsviðmiðum og tilgreindur er lágmarksstigafjöldi til að umsókn geti verið samþykkt á biðlista. Hægt er að sækja um undanþágur frá skilyrðum um lögheimili og tekjuviðmið.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast frágang leigusamninga og um þá gilda ákvæði húsaleigulaga. Fjallað er sérstaklega um lok leigusamnings, afnot, ábyrgð leigutaka, endurnýjun umsókna og ráðgjöf. M.a. er tilgreint að leigutaki beri ábyrgð á að upplýsa Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings verði breytingar á aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á hvort skilyrðum reglnanna telst fullnægt. Óheimilt er að heimila öðrum afnot af hinu leigða húsnæði og er framleiga félagslegs leiguhúsnæðis

með öllu óheimil. Ef viðhalda á gildi umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði skal umsækjandi endurnýja umsókn sína á 12 mánaða fresti. Ráðgjafi skal hafa samband við umsækjanda um húsnæði fyrir fatlað fólk og uppfæra umsókn.

Um málsmeðferð skv. reglunum gilda ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Meðal annars er kveðið á um að kanna skuli aðstæður umsækjanda eins sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst, bjóða skal ráðgjöf til umsækjanda og leitast skal við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku. Kynna skal niðurstöðu með skriflegum hætti og upplýsa umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshings fjalli um umsóknina. Ákvörðun Skólaþjónustu- og velferðarnefndar skal kynnt umsækjanda bréflega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sett eru fram bráðabirgðaákvæði um að umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna um félagslegt leiguhúsnæði, reglna um leiguíbúðir aldraða í Ölfusi og sérstakar húsaleigubætur haldi gildi sínu en verði endurmetnar skv. reglum þessum. Einnig að umsóknir sem raðast efst í forgangsröð samkvæmt eldri reglum og komnar eru í úthlutunarferli skuli endurmetnar samkvæmt nýjum reglum áður en úthlutunar kemur.

Gerð er tillaga um að reglur þessar taki gildi 1. september 2021.

Fylgikjöl:

- I Drög að regum Árneshings um félagslegt leiguhúsnæði
- II Erindisbréf fagteymis skóla- og velferðarþjónustu Árneshings vegna úthlutunar félagslegs leiguhúsnæðis á starfssvæðinu